



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Föstudaginn 3. júní 2022 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir, Erla María Lárusdóttir og Arnar Ólafur Viggósson varamaður, ásamt Alexöndru Jóhannesdóttur sveitarstjóra.

Halldór G. Ólafsson sem hafði lengsta setu í sveitarstjórn setti fundinn. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Halldór G. Ólafsson lagði til breytingu á dagskrá og að undir 4. dagskrárlið verði tekinn fyrir liðurinn „Siðareglur sveitarstjórnar“. Var breytingin samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

Dagskrá:

1. Kosning oddvita og varaoddvita

Fram fór kosning oddvita. Péturína L. Jakobsdóttir bar upp tillögu þess efnis að Halldór Gunnar Ólafsson yrði kjörinn oddviti og Erla María Lárusdóttir varaoddviti. Tillagan var samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum og stýrði Halldór G. Ólafsson því áfram fundi.

2. Skýrsla kjörstjórnar um sveitarstjórnarkosningar 2022

Fyrir fundinum lá skýrsla kjörstjórnar. Í skýrslunni kom m.a. fram að einungis einn framboðslisti hafði verið lagður fram þ.e. H- listi Skagastrandarlistinn og var hann samþykktur án athugasemda. Frestur til að leggja fram framboðslista var framlengdur um tvo sólarhringa þ.e. til 10. apríl 2022. Enginn listi barst og var H-listi Skagastrandarlistinn því sjálfkjörinn við kosningar 14. maí 2022.

Kjörnir aðalmenn í sveitarstjórn Skagastrandar eru því:

Halldór Gunnar Ólafsson	H-listi
Erla María Lárusdóttir	H-listi
Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir	H-listi



Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir H-listi
Péturína Laufey Jakodóttir H-listi

Kjörnir varamenn:

Arnar Ólafur Viggósson H-listi
Ragnar Már Björnsson H-listi
Ástrós Elísdóttir H-listi
Jón Ólafur Sigurjónsson H-listi
Adolf Hjörvar Berndsen H-listi

Skýrsla kjörstjórnar var lögð fram til kynningar.

3. Kosning í nefndir sveitarfélagsins

a. Hafnar- og skipulagsnefnd

Aðalmenn

Erla María Lárusdóttir,
formaður
Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir
Ragnar Már Björnsson
Jóhann Sigurjónsson
Reynir Lýðsson

Varamenn

Halldór Gunnar Ólafsson,
varaformaður
Valtýr Sigurðsson
Steindór R. Haraldsson
Sigríður Gestsdóttir
Kristín Björk Leifsdóttir

b. Tímstunda- og menningarmálanefnd

Aðalmenn

Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir,
formaður
Arnar Ólafur Viggósson
Helena Mara Velemir
Kristbjörg Dúfa Ragnheiðardóttir
Elmar Jóhann Grétarsson

Varamenn

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir,
varaformaður
Jón Ólafur Sigurjónsson
Halla María Þórðardóttir
Guðlaugur Siggí Hannesson
Ragnar Már Björnsson

c. Atvinnu- og ferðamálanefnd

Aðalmenn

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir,
formaður
Ástrós Elísdóttir
Gísli Björn Reynisson
Þróstur Árnason
Stefán Sveinsson

Varamenn

Erla María Lárusdóttir,
varaformaður
Ragnar Stefán Rögnvaldsson
Magnús Líndal
Daniela Esmeralda Ortega
Péturína Laufey Jakobsdóttir



k. Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands

Halldór Gunnar Ólafsson

Til vara

Alexandra Jóhannesdóttir

4. Siðareglur sveitarstjórnar

Fyrir fundinu lágu siðareglur sveitarstjórnar sem staðfestar voru á fundi sveitarstjórnar Skagastrandar þann 13. ágúst 2014. Reglurnar ná til sveitarstjórnar og allra sem kjörnir eru til setu í nefndum á vegum sveitarfélagsins. Sveitarstjórn yfirfór reglurnar og staðfesti þær og undirritaði.

5. Ráðning sveitarstjóra

Sveitarstjórn tók til umfjöllunar ráðningu sveitarstjóra. Sveitarstjóri vék af fundi undir þeirri umræðu. Oddvita var samhljóða falið að ræða við Alexöndru Jóhannesdóttur um áframhaldandi starf sem sveitarstjóri sveitarfélagsins.

6. Jafnlaunavottun – launagreining

Fyrir fundinum lá skýrsla launagreiningar í samræmi við jafnlaunakerfi Sveitarfélagsins Skagastrandar sem sveitarstjóri fór yfir og útskýrði. Sveitarstjórn staðfesti launagreiningu með fimm samhljóða atkvæðum.

7. Stofnframlög HMS – mótframlag sveitarfélags

Sveitarfélagið Skagaströnd og HMS hafa gert með sér samstarfsyfirlýsingu þar sem báðir aðilar lýstu yfir vilja sínum til þess að vinna að því að fjölga íbúðum í sveitarfélaginu í samræmi við íbúðarþörf. Sveitarfélagið er með til umfjöllunar hjá HMS umsókn um stofnframlög vegna byggingar á tveimur af fjórum íbúðum sem fyrsti áfangi í uppbyggingu húsnæðis á Skagaströnd stendur af og er vonast til þess að niðurstaða um úthlutun stofnframlaga liggi fyrir í júní 2022.

Byggingarkostnaður nemur skv. umsókn kr. 80.288.800 og 12% stofnframlag sveitarfélags nemur kr. 9.634.656. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með fimm greiddum atkvæðum að sveitarfélagið leggi framangreint mótframlag til verkefnisins.



d. Fræðslunefnd

Aðalmenn

Ástrós Elísdóttir,
formaður
Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir
Jón Ólafur Sigurjónsson
Þórey Fjóra Aradóttir
Guðni Már Lýðsson

Varamenn

Péturína Laufey Jakobsdóttir,
varaformaður
Judith Maria Scheja
Ernst Guðni Hólmgeirsson
Friðþór Norðkvist Sveinsson
Baldur Magnússon

e. Kjörstjórn

Aðalmenn

Lárus Ægir Guðmundsson,
formaður
Guðbjörg Ólafsdóttir
Þórunn Valdís Rúnarsdóttir

Varamenn

Steindór R. Haraldsson,
varaformaður
Vigdís Elva Þorgeirsdóttir
Gígja Heiðrún Óskarsdóttir

f. Fulltrúi í stjórn Byggðasamlags um menningar- og atvinnumál

Halldór Gunnar Ólafsson

Til vara

Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir

g. Fulltrúi í stjórn Byggðasamlags um Félags- og skólaþjónustu Austur Húnavetninga

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Til vara

Erla María Lárusdóttir

h. Fulltrúi í Byggðasamlag um Tónlistarskóla Austur Húnavatnssýslu

Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir

Til vara

Ástrós Elísdóttir

i. Fulltrúar á ársþing Samband sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV)

Halldór Gunnar Ólafsson
Erla María Lárusdóttir
Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir

Til vara

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir
Péturína Laufey Jakobsdóttir
Arnar Ólafur Viggósson

j. Fulltrúar á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga

Halldór Gunnar Ólafsson

Til vara

Erla María Lárusdóttir





8. Fráveita – Fyrsti áfangi útboð

Fimmtudaginn 12. maí 2022 voru opnuð tilboð í útboðsverkið Fráveita á Skagaströnd – Áfangi 1. Um var að ræða endurtekið, opið útboð á verkinu, eftir að öllum tilboðum sem bárust í fyrra útboði hafði verið hafnað. Niðurstaða útboðsins var eftirfarandi:

<i>Nr.</i>	<i>Nöfn bjóðenda</i>	<i>Upphæð</i>	<i>Hlutf. af áætlun</i>
1	Vinnuvélar Símonar ehf.	Kr. 122.964.733,-	113%
-	Kostnaðaráætlun, Stoð ehf.	kr. 108.678.700,-	100%

Sveitarstjórn samþykkir tilboð Vinnuvéla Símonar ehf., og felur sveitarstjóra að ganga til samninga við fyrirtækið um verkið á grundvelli tilboðsins og útboðsgagna.

9. Stjórnunar- og verndaráætlun vegna Spákonufellshöfða

Fyrir fundinum lágu drög að stjórnunar- og verndaráætlun vegna Spákonufellshöfða sem unnin hafa verið í samstarfi við Umhverfisstofnun ásamt aðgerðaráætlun sveitarfélagsins vegna verkefnisins. Drögin voru samþykkt eins og þau voru lögð fyrir.

10. Rekstraryfirlit janúar – apríl 2022 og fjárfestingayfirlit dags. 19. maí 2022

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit sveitarfélagsins vegna janúar- apríl og fjárfestingayfirlit fram til 19. maí 2022 sem sveitarstjóri fór yfir og útskýrði. Yfirlitið var lagt fram til kynningar.

11. Trúnaðarmál

Afgreiðsla sveitarstjórnar bókuð í trúnaðarbók.

12. Bréf

a. Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 6. maí 2022

Með erindinu er óskað eftir því að sveitarfélagið kjósi landsþingsfulltrúa til að sitja á landsþingum sambandsins á kjörtímabilinu 2022-2026 og jafnframt varamann. Samkvæmt reglum sambandsins þarf sveitarfélagið að kjósa einn fulltrúa. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með fimm greiddum atkvæðum að tilnefna Halldór G. Ólafsson sem aðalman og Erlu Maríu Lárusdóttur til vara. Erindið var að öðru leyti lagt fram til kynninga.



b. Framkvæmdasjóður Ferðamannastaða dags. 11. maí 2022

Með erindinu er tilkynnt um niðurstöður vegna úthlutunar úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Sveitarfélagið fagnar því að hafa fengið rúmlega 15 mkr. styrk úr sjóðnum vegna verkefnisins „Spákonufellshöfði: fuglaskoðun og útivist“. Vinna vegna verkefnisins er hafin og er stefnt á verklok með haustinu. Ekki hlaust styrkur vegna verkefnisins „Skagastrandarhöfn: nýr áfangastaður á Norðurlandi vestra“.

c. Hestamannafélagið Snarfari dags. 12. maí 2022

Með erindinu óskar Hestamannafélagið Snarfari eftir stuðningi frá sveitarfélaginu til þess að halda námskeið í hestamennsku og umgengni við húsdýr sumarið 2022. Hestamannafélagið mun undirbúa námskeiðið með Reiðskólanum Eðalhestum sem hafa verið með reiðnámskeið á Skagaströnd síðustu ár. Óskað er eftir stuðningi bæði við reiðnámskeið fyrir eldri börn og dýra- og leikjanámskeið fyrir yngri börn. Óskað er eftir 10.000 kr. framlagi fyrir hvern nemanda á reiðnámskeiði og 5.000 kr. framlagi fyrir hvern nemanda á dýra- og leikjanámskeiði. Sveitarstjórn fagnar þessu frábæra framtaki og samþykkir erindið. Verður endanlegri fjárhæð vísað til viðauka við fjárhagsáætlun ársins.

d. Vegagerðarinnar dags. 16. maí 2022

Með erindinu er óskað eftir því að sveitarfélagið sendi inn umsóknir vegna hafnargerðar og sjóvarna á samgönguáætlun 2023-2027. Var sveitarstjóra falið að senda inn umsóknir fyrir tilgreindan frest í samvinnu við Vegagerðina.

e. Magnús Jónsson og Hermann Sæmundsson f.h. Rúllandi Steins ehf. dags.

17. maí 2022

Með erindinu er óskað eftir styrk vegna tónlistarhátíðarinnar „Eins og veltandi steinn“ að upphæð kr. 450.000. Sveitarstjórn samþykkir erindið eins og það er lagt fyrir.

f. SSNV dags. 25. maí 2022

Með erindinu er óskað eftir tilnefningu fulltrúa á aukaársþing SSNV. Tilnefnd eru Halldór Gunnar Ólafsson, Erla María Lárusdóttir og Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir.



13. Fundargerðir

a. Stjórn SSNV dags. 3. maí 2022

Fundargerð lögð fram til kynningar.

b. Stjórn Heimilisiðnaðarsafnsins dags. 2. maí 2022

Fundargerð lögð fram til kynningar.

c. Ársfundur Heimilisiðnaðarsafnsins dags. 11. maí 2022

Fundargerð lögð fram til kynningar.

d. Stjórn Félags- og skólabjónustu A-Hún dags. 17. maí 2022

Fundargerð lögð fram til kynningar.

14. Önnur mál

Ekkert var rætt undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 12:25


Halldór Gunnar Ólafsson


Erla María Lárusdóttir


Arnar Ólafur Viggósson


Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir


Péturína Laufey Jakobsdóttir


Alexandra Jóhannesdóttir

